

ÍSLENDINGAVINUR Á NÝJA SJÁLANDI

Það mun vera mjög fátítt, að um Ísland sé ritað eða Íslendinga, á suðrhveli jarðarinnar. En 13. júní 1925 mátti í blaðinu The Press, sem kemur út í hinum mikla framfarabæ Christchurch á Nýja Sjálandi, lesa langt mál um íslenskan mann og íslenska bók. Heitir sá Arnold Wall, sem ritað hefir og er háskólakennari í Christchurch. Þykir mér enginn norrænu- eða réttara sagt, íslenskufræðingur, eins merkilegur og prófessor Wall. Greinin heitir A Thinker in Thule (íslenskur heimspekingur), en einn kafli hennar The book Nyall (bókin Nýall). Var um grein þessa ritað í Lundúnum, rúmum tveim mánuðum eftir að hún birtist, og sá ég það, en ekki hefi ég sjálfa greinina séð fyrr en nú í sumar. Virðist þess vert, að einnig á íslensku sé nokkuð um grein þessa ritað.

Um Íslendinga segir próf. Wall, að þeir eigi sér mikla og frægilega fortíð þó að fáir séu, og bókmenntir, sem engar aðrar miðaldabókmenntir geti komist í samjöfnuð við; og er hann hefir lýst nokkuð þjóðinni, segir hann: To this small public Dr. Pjeturss addresses his bold far-reaching and original thoughts. Hvetur hann í greinarlok mjög til að veita kenningum Nýals eftirtekt, og lýkur máli sínu þannig: Whether we agree with him (höf. Nýals) or not, we must regard his speculations as worthy of the closest attention of those who are interested in such matters.

Blaðið, sem grein þessi stendur í, hefir aðal-útbreiðslu sína á Nýja Sjálandi, í Ástralíu, og um strendur Kyrrahafs, en mun annars vera eitthvað lesið víðast hvar á jörðinni. Hefi ég orðið þess var, að grein þessi hefir vakið talsverða eftirtekt. Hafa þar margir séð Íslands getið, og lofsamlega,

sem líklega hafa áður varla vitað að það land er til. Er gott til þess að vita, að Ísland skuli þarna hafa eignast góðan og gáfaðan vin, hinumegin á hnettinum.

Spá mín um að Nýals mundi víða getið verða, hefir þegar ræst, þó að sú bók hafi ekki auglýst verið.

Kenninga minna hefir nú verið minnst á ensku í 3 heims-álfum, og nægir það til þess, að sýna, að þær muni verða víða kunnar, hversu mjög, sem suma menn kann að langa til að þær yrðu þagaðar í hel. En á þýsku hefir hinn gáfaði rithöfundur og tónskáld Jón Leifs, sem frægastur Íslendingur mun vera sinna jafnaldra, minnst á þær af miklum drengskap. Aftur á móti hefi ég ekki orðið þess var, að þýskir íslenskufræðingar hafi, enn sem komið er, neytt kunnáttu sinnar gagnvart mér, á þann hátt, sem æskilegt hefði verið. Munu þar mestu um valda ástæður, sem ég leiði heldur hjá mér að minnst á, en til þess að ráða þar bætur á þyrfti ekki annað en það, að allir Íslendingar, sem eiga tal við útlenda menn, hefðu það nógu vel hugfast, hversu miklu skemmtilegra er að líkjast meir Gunnari og Njáli, sem báðir voru góðgjarnir og sannsöglir, heldur en Merði og Skammkeli.